



## Sögupersónur í ÓLGU

**Svandís** er 15 ára skólhærð, venjuleg stelpa. Hún er dugleg og úrræðagóð, góður námsmaður sem finnst gaman að læra. Hún stendur með sjálfri sér og er tilbúin að taka þátt í ævintýrum.

**Lára** vinkona Svandísar býr í Reykjavík. Hún er með brúna lokka, spékoppa og er alltaf síbrosandi og hlæjandi. Þær Svandís kynntust í tónlistarskólanum og spiluðu þar báðar á þverflautur.

**Hrafnklukka** er frænka Svandísar úr álfheimum. Hún er lágvaxin með svart hrokkið hár og dökk augu. Hrafnklukka er skemmtileg og mikill prakkarari.

**Brjánn** er með rauðbirkid, gullið hár, freknur og ljósblá augu. Brjánn er tvíburabróðir Sylvíu og þau búa á næsta bæ við Svandísi.

**Sylvía** er með ljóst, sítt hár sem næstum er hvítt á lit. Augun eru ljósblá. Sylvía er tvíburasystir Brjáns.

**Amma Líneik**, er virðuleg og ber sig um eins og drottning. Hún er alltaf vel til höfð og á stórt safn af skrautlegum kjólum. Amma sér álfa og hún spáir í spil og bolla fyrir fólk í sveitinni. Hún hefur gaman af því að baka og elda og hún er dugleg að spila við barnabörninn.

**Afi** er sauðfjárþóndi. Hann er morgunhress og fer oft í morgungöngur upp í fjall. Afi spilar á harmonikku og fær krakkana stundum til að syngja með. Afi trúir ekki á álfa og finnst kona sín stundum bulla of mikið. Amma og afi spila stundum brids við vini sína.

**Mamma** ólst upp í þessari sveit. Hún er dugleg sveitastelpa en um leið er hún heimskona og alltaf smart til fara. Hún lætur útbúa kaffihús í kjallara íbúðarhússins þeirra í sveitinni og rekur þar einnig gistihús.

**Pabbi, Guðmundur** er ljúfur og góður og er alltaf að brasa eitthvað. Ef hann er ekki í vinnunni þá er hann að dytta að einhverju heima í sveitinni.

**Arnór** er litli bróðir Svandísar sem henni þykir afskaplega vænt um. Hann er sex ára gamall með ljósar krullur. Hann er mikill spekingur sem langar að vita svo margt.

**Ragnar** skólastjóri er litríkur karakter og skemmtilegur. Hann klæðir sig í litrík föt, er mjósleginn og notar gleraugu.

**Þráinn**. Er feiminn með kolsvart hár ofan í augu. Gengur alltaf í svörtum fötum. (skuggi í andspyrnu, vill ekki fylgja Skugga). Nafnið Þráinn þýðir þrjúskur. Þráinn er sonur Skugga og Rúnu.

**Rúna.** Nýr kennari og mamma Þráins. Kennir á móti Ragnari. Rúna er með svart sitt hár sem byrjað er að grána. (skuggi í andspyrnu, vill ekki fylgja Skugga).

**Nadía** er skuggi sem myndar andspyrnuhóp sem freistar þess að fella Skugga af stóli og ná völdum. Hún er lágvaxin og grönn með stutt svart hár og flúr af slönguhaus á hálsi og herðum.

**Baldur og Ýr** eru aðstoðarmenn Nadíu í andspyrnuhreyfingunni.

**Jón** er ritari í skólanum og einnig pabbi Nadíu.

**Karl** (Kalli) er ömmubróðir Svandísar. Hann hvarf til álfheima þegar hann var ungur og það sást síðast til hans á baki nykurs þar sem hann hvarf ofan í vatn.

**Drífa** er álfadrottningin. Hún klæðist bláum kyrtli og er með sitt hvítt hár.

**Kormákur** er álfakonungurinn. Hann missti minnið og hefur dvalið meðal marmennla í tíu ár.

**Rækill og Bára** eru marmennlar eða haffólk sem koma Kormáki til bjargar.

**Skuggi** er foringi skuggafólksins. Hann ber alltaf svarta hettu yfir höfði. Hann á tvo fálka og sæúlf.

**Hamur** er kynjaslangan ógurlega. Hann er risavaxinn með rauðsvartan haus, stóran kjaft með beittum tönnum og lítil svört augu. Risatungan er svört og klofin í tvennt og hann spúir eitri sem getur lamað og deytt. Eftir endilöngum hryggnum eru gaddar.

**Sessa frá Hóli** (Sesselía Hróbjartsdóttir fullu nafni). Hún er skotta eða draugur sem kom aðallega fram í bókinni, ÓRÓI, krunk hrafnanna.

